

Nd.

## 281. Tillaga

til þingsályktunar um lagasetning búnaðarmála.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja síðan fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, frv. til laga um heildarskipun mikilvægra búnaðarmála, svo sem ræktunarlög í viðtækri merkingu, lög um ábúð og meðferð jarða, svo og hjúalög.

### Greinargerð.

Það þarf ekki orðum að því að eyða, hver nauðsyn það er landbúnaðinum, að lög þau, sem gilda á því sviði, sjeu heilsteypt og sem best í samræmi við heilvænlegan framgang þeirra málefna. En í þessum efnum er mörgu ábótavant hjer á landi. Þau búnaðarmál, er einna skipulegust lög hafa verið sett um, svo sem hjúahald og bygging og ábúð jarða, hafa nú á síðari árum gengið svo úr skordum frá því er lögin voru sett, að þau verða ýmist að teljast úrelt eða þá ófullnægjandi.

Þá eru önnur búnaðarmál, sem hinsvegar eru nýlega komin til sögunnar, en hljóta að eiga mikla framtíð fyrir sjer. Má þar nefna nýbýlamálið og áveitumál í stórum stíl, sem nú eru að komast í framkvæmd. En um þessi búnaðarmál er líkt að segja og mörg önnur, að gildandi lagareglur eru mjög í brotum og ófullnægjandi, en slíkt er all-óheppilegt um alþjóðleg framfaramál. Þar þarf stakkurinn að sníðast eftir vexti og við vöxt.

Er það þings og stjórnar að leggjast á eitt — og þó eðlilegra að stjórnin eigi frumkvæðið — til eslingar þessum málum með skipulegri lagasetningu og þeim ákvæðum, er geti talist góð undirstaða til þroska og endurreisnar þeim atvinnuvegi, er engin síðuð þjóð telst mega án vera, en það er landbúnaðurinn.

Eitt af því, sem þarf rækilega að athugast í þessari meðferð ræktunarmálsins, er fjárhagshliðin. Þau handahófs og kýtingskjör, sem landbúnaðurinn á nú við að búa í peningamálunum, þurfa að gerbreystast og sníðast eftir eðli hans og ásigkomulagi.

Það er auðvitað, að öll sú lagasetning, sem þörf er á í málefnum landbúnaðarins, verður eigi framkvæmd á einu ári, en hins verður að krefjast, að strax sje byrjað á því nauðsynlegasta, og svo haldið áfram unns alt er komið í rjett horf.